

Samtök atvinnulífsins
B.t. framkvæmdastjóra
Borgartúni 35
105 Reykjavík

Afrit: Ríkissáttasemjari

Reykjavík, 20. maí 2019

Efni: Vanefndir Lífskjarasamnings

Efling – stéttarfélag gerði með sínu bréfi dags. 8. maí 2019 athugasemdir í fjórum liðum við einhliða uppsögn launakjara starfsfólks hjá CapitalHotels ehf. og Hótelkeðjunnar ehf. Var bréfið sent til fyrirtækjanna og með afriti til Samtaka atvinnulífsins. Eflingu hefur borist svar f.h. fyrirtækjanna frá Samtökum atvinnulífsins dags. 15. maí 2019 undirritað af lögmanni SA.

Efling mun útkljá ágreining um form umræddra uppsagna sbr. lið 1 í bréfi dags. 8. maí með milligöngu lögmanns og eftir atvikum dómstóla. Verður ekki fjallað nánar um það í bréfi þessu. Hins vegar telur Efling óhjákvæmilegt að ræða beint við framkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins um þau skilaboð varðandi efndir kjarasamninga sem samtökin hafa nú kosið að senda Eflingu.

Eins og fram kom í lið 2 í bréfi Eflingar dags. 8. maí telur félagið að umrædd einhliða uppsögn fyrirtækjanna á launakjörum starfsfólks feli í sér aðför að markmiðum kjarasamningsgerðar, undanbrögð við framkvæmd samninga og ögrun við frið á vinnumarkaði.

Í bréfi sínu dags. 29. apríl 2019 ræðir Árni Valur Sólonsson, eigandi fyrirtækjanna, um „vætanlegan kostnaðarauka“ („foreseeable cost increase“) og „breyttar og óvissar aðstæður“ („changed and uncertain circumstances“) og réttlætir á þeim grunni einhliða skerðingu á launakjörfum starfsfólks. Ekki er hægt að túlka þessi orð öðruvísi en sem vísun í nýsamþykktan kjarasamning, svokallaðan Lífskjarasamning.

Efling lýsir þungum áhyggjum vegna svars Samtaka atvinnulífsins dags. 15. maí og þeirra skilaboða sem í því felst, en þar verja samtökin að mati Eflingar vanefndir fyrirtækja á Lífskjarasamningnum. Efling lítur svo á að með undirritun Lífskjarasamningsins hafi SA skuldbundið aðildarfyrirtæki sín til að veita félagsmönnum Eflingar sem hjá þeim starfa umsamda kjarabót, en sú kjarabót var á árinu 2019 afar hófleg eða sem nemur hækkun mánaðarlauna um 17 þúsund krónur. Ekki verður betur séð en að umrædd fyrirtæki hyggist svíkja starfsfólk alfarið um þá launahækkun og jafnvel rýra kjör þeirra frá sem var fyrir undirritun samnings. Með ólíkindum hlýtur að teljast að Samtök atvinnulífsins verji slíka framgöngu.

Efling mótmælir því harðlega að SA styðji fyrirtæki í því að koma sér hjá greiðslu umsaminna hækkana og þar með efndum Lífskjarasamningsins. Sú spurning vaknar hvort Samtökin telji efndir á Lífskjarasamningnum valkvæðar og háðar vilja eða hentugleika, sem aftur vekur upp stórar og alvarlegar spurningar um traust milli aðila og ásetning að baki kjarasamningsgerð. Efling gerir þá kröfu að Samtök atvinnulífsins sendi skýr skilaboð til sinna aðildarfyrirtækja um að þeim beri full og ófrávíkjanleg skylda til að framfylgja gerðum samningi, en beri ekki blak af vanefndum og undanbrögðum þar að lútandi.

Efling vekur sérstaka athygli Samtaka atvinnulífsins á ályktun miðstjórnar Alþýðusambands Íslands frá 15. maí sl. en texti hennar í heild er eftirfarandi:

Miðstjórn ASÍ harmar viðbrögð þeirra atvinnurekenda sem í kjölfar nýgerðra kjarasamninga hafa gripið til uppsagna á launakjörum starfsmanna sinna að sögn vegna þess kostnaðarauka sem til kemur vegna gildistöku samninganna.


Miðstjórn leggur áherslu á, að aðilar vinnumarkaðarins semja og gera kjarasamninga í góðri trú um að við undirritun þeirra verði af báðum aðilum unnið að staðfestingu þeirra og í framhaldinu að því að hrinda þeim í framkvæmd skv. efni sínu.

Þeir atvinnurekendur sem gripið hafa til uppsagna á ráðningarkjörum starfsmanna sinna nú í kjölfar undirritunar og samþykkis kjarasamninga ganga gegn markmiðum samninganna og lýsa því beinlínis yfir að þeir hyggist ekki efna þá.

Miðstjórn ASÍ skorar á viðkomandi atvinnurekendur að draga nú þegar til baka allar uppsagnir byggðar á framangreindum forsendum. Jafnframt áskilur ASÍ öllum aðildarsamtökum sínum rétt til þess að lýsa yfir einhliða riftun nýgerðra kjarasamninga við þessa sömu atvinnurekendur vegna þess ásetnings þeirra að ætla sér ekki að virða þá og hrinda í framkvæmd. Jafnframt er samtökunum áskilinn réttur til þess í kjölfarið að hefja aðgerðir til þess að knýja á um gerð nýs kjarasamnings við viðkomandi aðila og beita til þess öllum tiltækum og lögmætum þvingunaraðgerðum til þess að knýja á um gerð þeirra, þar með talið með verkföllum.

Er með bréfi þessu krafist fundar með framkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins þar sem fjallað verði um vanefndir aðildarfyrirtækja SA á Lífskjarasamningnum. Er þess óskað að fundur fari fram í húsnæði Ríkissáttasemjara að viðstöddum fulltrúa embættisins. Lagt er til að fundur verði haldinn þriðjudaginn 28. maí klukkan 13:00.

Virðingarfyllst,



Sólveig Anna Jónsdóttir
formaður Eflingar - stéttarfélags